

Fundargerð 33. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innanríkisráðuneytinu 14. febrúar 2017 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta árið 2017
2. Samspil atvinnugreina og byggðaðróunar í fjárlagavinnu
3. Árlegar greinargerðir frá landshlutasamtökum fyrir árið 2016
4. Rafræn umsóknagátt
5. Upplýsingaskil í skýrslu um framvindu byggðaaætlunar 2014-2017
6. Önnur mál
 - a. Bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi
 - b. Næsti fundur

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (IRR), Benedikt Árnason (FOR), Helga Haraldsdóttir (ANR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR), Páll Brynjarsson (landshlutasamtökunum, kom á fundinn eftir 1. dagskrálið), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun, á símafundi frá Sauðárkróki) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð. Þá sat Hermann Sæmundsson (IRR) hluta fundarins.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmstöttir (UTN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR) og Þór G. Þórarinsson (VEL).

Með forsetaúrskurði, dags. 11. janúar 2017, fluttust byggðamál frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti yfir í innanríkisráðuneyti og heyra undir ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála. Formaður setti fundinn og bauð stýrihópin velkomin í innanríkisráðuneytið. Þá bauð formaður Benedikt Árnason, nýjan fulltrúa FOR velkominn til fyrsta fundar stýrihópsins.

Fundargerð 32. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni landshluta árið 2017

Frestur landshlutasamtaka sveitarfélaga til að skila upplýsingum um áhersluverkefni ársins 2017 var til 1. febrúar, en samkvæmt sóknaráætlunarsamningum ber stýrihópnum að staðfesta verkefnin. Fimm af átta landshlutum hafa skilað tillögum sínum, Vesturland, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurnes.

Landshluti	Fjöldi verkefna	Upphæð úr SL17	Mótframlög	Heildarupphæð
Vesturland	4	20.000.000	0	20.000.000
Norðurland vestra	4	10.400.000	3.400.000	13.800.000
Norðurland eystra	3	28.900.000	32.000.000	60.900.000
Austurland	4	31.900.000	26.500.000	58.400.000
Suðurnes	5	32.600.000	1.000.000	33.600.000
Samtals:	20	123.800.000	62.900.000	186.700.000

Farið var í gegnum verkefni hvers landshluta fyrir sig og afgreiðsla eftirfarandi:

Vesturland: Stýrihópurinn staðfestir fyrir sitt leyti áhersluverkefni Vesturlands.

Norðurland vestra: Stýrihópurinn staðfestir fyrir sitt leyti verkefni nr. 1 og 2. Verkefni nr. 4 er staðfest með fyrirvara um nánari verkefnalýsingu. Hvað verkefni nr. 3 varðar þá óskar stýrihópurinn nánari upplýsinga. Verkefnisstjóra er falið að kalla eftir nánari upplýsingum um verkefni nr. 3 og 4.

Norðurland eystra: Stýrihópurinn staðfestir fyrir sitt leyti áhersluverkefni Norðurlands eystra.

Austurland: Stýrihópurinn staðfestir fyrir sitt leyti áhersluverkefni Austurlands.

Suðurnes: Stýrihópurinn staðfestir fyrir sitt leyti áhersluverkefni Suðurnesja, þó með fyrirvara um nánari verkefnalýsingu fyrir verkefni nr. 1. Verkefnisstjóra er falið að kalla eftir nánari upplýsingum um það.

Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfðu fengið frest til að skila tillögum að sínum áhersluverkefnum til 14. febrúar. Samband sunnlenskra sveitarfélaga hefur óskað eftir fresti til loka júnímánaðar til að skila sínum áhersluverkefnum. Ákveðið að veita Sunnlendingum frest til 31. mars nk. Sá frestur gildir aðeins í ár og á næsta ári þurfa öll áhersluverkefni að berast stýrihópnum fyrir 1. febrúar.

Formaður bauð Pál S. Brynjarsson, framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi velkominn á fundinn, en Páll verður áheyrnarfulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga í stýrihópnum til vorsins 2018.

2. Samspil atvinnugreina og byggðapróunar í fjárlagavinnu

Ólafur Reynir Guðmundsson sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kom á fundinn kl. 14.30. Ólafur kynnti vinnu ANR við stefnumótun málefnasviða sem er undir yfirskriftinni „ný hugsun – nýtt verklag“ og miðar að því að móta framtíðarsýn sem verður sameiginleg fyrir alla atvinnuvegi.

Fyrir fulltrúum stýrihópsins liggur það verkefni að tengja byggðamál við vinnu í hverju ráðuneyti er snýr að lögum um opinber fjármál og var innlegg Ólafs gott fóður í þá vinnu. Ólafur yfirgaf fundinn kl. 15.00.

3. Árlegar greinargerðir frá landshlutasamtökum fyrir árið 2016

Frestur landshlutasamtaka sveitarfélaga til að skila árlegum greinargerðum fyrir árið 2016 var 1. febrúar. Fimm landshlutar skiluð innan tilsetts frests, það er Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðurnes. Vesturland og Vestfirðir hafa skilað að hluta og von er á endanlegum greinargerðum frá þeim og höfuðborgarsvæðinu innan nokkurra daga.

Verkefnisstjóri fór lauslega yfir helstu upplýsingar úr greingargerðunum. Stefnt er að því að greinargerð stýrihópsins verði tilbúin um mánaðarmótin mars/apríl.

4. Rafræn umsóknagátt

Á síðasta fundi upplýsti formaður að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefði tekið tilboði frá fyrirtækinu Prógramm sem hanna mun sameiginlega rafræna umsóknagátt fyrir uppbyggingarsjóði landshluta. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verið upplýst um málið og hafa tekið því fagnandi. Formaður og verkefnisstjóri greindu frá fundi sem þær áttu með Prógramm þann 16. janúar sl. hvar þær meðal annars létu þeim í té umsóknareyðublöð allra sjö uppbyggingarsjóðanna.

Ákveðið hefur verið að boða til samráðsfundar með landshlutasamtökunum í mars og mikilvægt að þeir sem vinna með umsóknir í hverjum landshluta geti tekið þátt í fundinum. Stefnt er að því að umsóknagáttin verði tilbúin haustið 2017. Verkefnisstjóra og fulltrúa landshlutasamtakanna falið að gera tillögu að fundartíma.

5. Upplýsingaskil í skýrslu um framvindu byggðaáætlunar 2014-2017

Formaður minnti fulltrúa stýrihópsins á að á síðasta fundi hafi verið ákveðið að fulltrúarnir hefðu frest til 15. febrúar til að upplýsa um framvindu aðgerða byggðaáætlunar 2014-2017 sem heyra undir þeirra ráðuneyti.

6. Önnur mál

a. Bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), dags. 31. janúar 2017, lögð fram til kynningar. Þar fagnar stjórnin fréttum að auknu fjármagni til ljósleiðaravæðingar er taki tillit til byggðasjónarmiða. Minnir jafnframt á að verkefnið er grunnþjónusta á ábyrgð ríkisins og að enn vanti umtalsvert fjármagn ef ná á því markmiði ríkisins að ljósleiðavæða Ísland fyrir árið 2020.

b. Næsti fundur

Næsti fundur stýrihópsins var áður ákveðinn þriðjudaginn 14. mars, kl. 14.00-16.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.